



Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1564
komudagur 26.3.2004

Reykjavík 24. mars 2004
SB/hó


Efni: Frumvarp til laga um yrkisrétt, 613. mál

Tilv: 2004030016

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 11. mars sl. þar sem leitað er álitis á ofangreindu frumvarpi.

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur kynnt sér efni frumvarpsins og tilganginn með lagasetningunni, telur málið vera þarft og mælir með samþykkt þess. Hins vegar skal á það bent, að málfarið er tyrfið og illskiljanlegt á köflum og mætti gjarnan færast nær íslensku máli ef unnt er.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson

Alþingi

Erindi nr. P 130/1359

komudagur 15.3.2004

9. mars 2004

7613. mál - yekisráttur

Varðandi dæmi um "kross-nytjaleyfi" milli einkaleyfis og yrkis, má t.d. nefna að einkaleyfishafi sem hefði fundið upp nýja aðferð við gerjun til að framleiða nýjan bjór, þyrfti að nýta verndað bygg við framleiðsluna. (Það þyrfti að vera nauðsynlegt að nota þetta tiltekna bygg en ekki neitt annað.) Hugsanlega gæti hann fengið nauðungarleyfi á yrkinu/ bygginu ef ekki næðust samningar við yrkishafa og þá yrkishafinn leyfi á að nýta uppfinningu einkaleyfishafans.

Vonandi skýrir þetta eitthvað.

Kveðja/ Best regards,
Ásta Valdimarsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1574
komudagur. 29.3.2004

From: Valborg Kjartansdóttir [mailto:valborg@sigthor.com]
Sent: 23. mars 2004 10:04
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: Re: Frumvarp til laga varðandi yrkisrétt

Sæl Elín

Ég vísa í erindi þitt 11.3.2004 vegna umsagnarbeiðni varðandi ofangreint frumvarp.

Þar sem að félagsmenn vinna ekki við yrki og slíkar umsóknir eru á sviði Landbúnaðarráðuneytis tel ég ekki að frumvarpið eigi erindi við FUVÉ.

Bestu kveðjur

Valborg Kjartansdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 130/1524
komudagur 24. 3. 2004
Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.03.04

Málefni: Umsögn tækninefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum, þskj. 921 613. mál 130. löggjafarþings.


Tækninefnd fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á lögum um yrkisrétt, þskj. 921 – 613. mál 130. löggjafarþings, á fundi sínum þann 23. mars 2004.

Í vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs, sem samþykkt var 18. desember 2003, er fjallað um einkaleyfi og vernd hugverkaréttinda. Þar kemur fram að aukið umfang vísinda- og rannsóknarstarfsemi hér á landi geri verndun hugverka og þekkingarverðmæta æ mikilvægari. Mikil fjölgun alþjóðlegra einkaleyfa, með íslenskum höfundum, hefur átt sér stað undanfarin ár.

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000 er stuðlað að því að fella íslenska löggjöf um vernd hugverkaréttinda í plöntukynbótum, þ.e. yrkisrétt, að evrópsku/alþjóðlegu umhverfi. Einnig mun samþykkt frumvarpsins hafa í för með sér að Ísland hefur möguleika á að sækja um aðild að Alþjóðasamningi um vernd nýrra yrkja, UPOV, en hann er hliðstæður Alþjóðasamningi um vernd hugverkaréttinda, sem Ísland er aðili að.

Tækninefnd telur að það sé mjög mikilvægt fyrir íslenskt rannsóknarumhverfi að hafa möguleika til að vernda rannsóknaniðurstöður sínar alþjóðlega með efnahagslegan ávinning í huga. Tækninefnd mælir því með að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. tækninefndar


Hallgrímur Jónasson, formaður



LANDBÚNAÐARHÁSKÓLINN Á HVANNEYRI
Hvanneyri Agricultural University
311 BORGARNES - ICELAND

Hvanneyri 16. maras 2004.

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti 10
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1447
komudagur 19.3.2004


Efni Umsögn samkvæmt beiðni frá Alþingi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri var beiðinn um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000.


Málið hefur fengið umfjöllum fagfólks skólans á viðkomandi sviði. Niðurstöður þeirrar umfjöllunar liggur fyrir. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarð þetta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Magnús B. Jónsson
rektor

Alþingi
Erindi nr. P 130/1725
komudagur 14.4.2004



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

12. apríl 2004

Efni:


Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um yrkisrétt, 613. mál.

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dagsett 11. mars s.l.
Stjórn Landverndar hefur kynnt sér framangreint frumvarp.

Vísað er til markmiða Samningsins um líffræðilega fjölbreytni þar sem segir að stuðla beri að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Stjórn Landverndar geri ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna en minnir á framangreind ákvæði samningsins um líffræðilega fjölbreytni og nauðsyn þess að yrkisréttur sé bundin við tiltekin tíma og almannahagsmunir séu tryggðir. Stjórnin telur að núgildandi lög með framlögðum breytingatillögum uppfylli þessi skilyrði.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar


Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/1672
komudagur 6.4.2004

Landbúnaðarnefnd Alþingis
 Elín Valdís Þorsteinsdóttir
 Austurstræti 8-10
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. mars 2004
 2004030017/42-1
 SB/hj

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt

Við er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu er tilgangur frumvarpsins sagður vera að skýra og samræma íslensk lagaákvæði um plöntuyrki við EB reglugerð nr. 2100/94, við Alþjóðasamning um vernd nýrra yrkja og til samræmis við frumvarp um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi.

Náttúrufræðistofnun Íslands býr ekki yfir sérfræðiþekkingu á efni umrædds frumvarps en vill þó benda á eftirfarandi:

1. Að gætt verði að frumvarpið samræmist ákvæðum alþjóðlegra samninga sem tryggja skulu aðgengi að erfðaauðlindum svo, sem Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Alþjóðasamning um erfðaauðlindir í landbúnaði. Í fyrrnefnda samningnum er m.a. ákvæði um „aðgengi að erfðaauðlindum og réttláta skiptingu arðs af þeim“ (Access to genetic resources and benefit-sharing) sem útfært hefur verið í svokölluðum Bonn-reglum (Bonn Guidelines). Í Bonn-reglunum er t.d. ákvæði (C, iii) um að hindra skuli eftir föngum að einkavæðing og önnur not erfðaauðlinda komi í veg fyrir hefðbundna notkun (sbr. „Seek to ensure that the commercialization and any other use of genetic resources should not prevent traditional use of genetic resources“). Náttúrufræðistofnun leggur því til að landbúnaðarnefnd feli sérfræðing í alþjóðlegum umhverfisrétti að lesa frumvarpið yfir og bera saman við m.a. ofangreinda samninga til að tryggja samræmi.

2. Þegar íslensk þýðing frumvarpsins er borin saman við enska útgáfu reglugerðar nr. 2100/94 gætir sums staðar nokkurrar ónákvæmni, sbr.:


- Í 1.gr., 2. mgr. segir: „Í lögum þessum er hugtakið yrki notað um plöntuhópa sömu tegundar eða undirtegundar samkvæmt nákvæmstu þekktu flokkun grasafraðinnar sem..“ Þarna ætti, samkvæmt enskri útgáfu reglugerðarinnar, að standa eitthvað á þessa leið: „Í lögum þessum er hugtakið yrki notað um plöntuhóp innan lægstu flokkunareiningar grasafraðinnar sem....“ (sbr., „For the purpose of this Regulation, 'variety' shall be taken to mean a plant grouping within a single botanical taxon of the lowest known rank“).



- Í 1. gr., 4.mgr. segir: „Birting eiginleika skv. 2. mgr. getur verið stöðug eða breytileg milli sams konar stofnþátta yrkis að því tilskildu að breytileiki ráðist einnig af arfgerð eða samvali arfgerða". Þarna vantar að skjóta inn „lið a.“ eftir „2. mgr.“ til að skýra nákvæmlega við hvað er átt.
- Í 1. lið, 2. gr. laganna er talað um að yrkisrétt megi veita ef yrki er: „1. greinilega sérstætt , þ.e. ef unnt er að greina það með skýrum hætti [leturbreytingar Náttúrufræðistofnun] frá öðrum yrkjum sem þekkt eru á umsóknardegi, sbr. 2. mgr“. Þarna ætti að standa: „1. greinilega aðgreinanlegt með vísan til erfðaeinkenna (eða birtingar erfðaeinkenna) sem tjáð eru af tiltekinni arfgerð eða samsetningu arfgerða“ (sbr., „clearly distinguishable by reference to the expression of the characteristics that results from a particular genotype or combination of genotypes“). Arfbundin einkenni eru þarna lykilatriði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki tók á að fara nákvæmleg yfir frumvarpið með þessum hætti en leggur til að landbúnaðarnefnd feli góðum erfðafræðingi (t.d. Einari Mäntylä eða Birni L. Örvar hjá Orf hf) að bera það saman við frumtexta til að tryggja að þýðingin sé faglega nákvæm.

Virðingarfyllt



Snorri Baldursson
aðstoðarforstjóri





RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS
AGRICULTURAL RESEARCH INSTITUTE



Alþingi
Erindi nr. P 130/1575
komudagur 29.3.2004

ADALSTÖÐVAR
HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND

SÍMI/TELEPHONE: (354) 591 1500

KENNITALA:
I.D. NO: 530269-3109

TELAFAX/MYNDSENDIR: (354) 591 1501

REYKJAVÍK

25/03/2004

1-022
PT/-

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um yrkisrétt ^{613.}~~527.~~ mál

Lög nr. 58/2000 voru sett einkum með skírskotun til þess að Íslendingar höfðu skuldbundið sig til að setja lög um verndun hugverka í plöntukynbótum. Slíkur réttur nefnist yrkisréttur. Einnig er kveðið á um það í milliríkjasamningnum að þjóðin gerist aðili að UPOV samningnum svonefnda, sem er alþjóðlegt samstarf um yrkisrétt, hliðstæður WIPO sem er alþjóðasamningur um verndun hugverka og Ísland á aðild að. Skrifstofur beggja þessara samninga eru í sama húsinu í Genf í Sviss. Vegna ásetningsins um aðild að UPOV var við gerð yrkisréttarlaganna tekið mið af þeim kröfum sem sá samningur gerir til lagasetningar á þessu sviði.

Það hefur dregist nokkuð að Ísland gengi til þess að sækja um aðild að UPOV og er nú miðað við nýjustu gerð samningsins. Í frumvarpinu er komið til móts við þær breytingar sem þar koma fram. Önnur meginástæða fyrir frumvarpinu eru tilskipun frá Evrópubandalaginu sem Íslendingum ber að lögfesta og tengist verndun hugverkaréttar í líftækni sem einnig eru að hluta varin með einkaleyfalöggjöfnni. Líftækni er mikið notuð í tengslum við plöntukynbætur og hugverkaréttur í líftækni og yrkisréttur því nátengdur.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Lýsing á hugtökum og aðferðum við ákvörðun á yrkisrétti er mjög flókin og oft torskilin eins og fram hefur komið í umræðum um frumvarp þetta. Stofnunin mælir með því að í stað orðsins *uppskeruefni* í 2. grein komi orðið *uppskera*. Í 3. málsgrein 1. greinar er notað hugtakið *stofnþættir yrkis* (variety constituents). Íslenskir kynbótamenn hafa ekki rekist á þessa hugtakanotkun áður og hún torveldar skilning. Mælt er með orðið *yrkishlutar* verði notað þó það sé ekki að öllu leyti fullnægjandi. (er hliðstætt sænskri nálgun við sama þýðingarvanda). Hugtakinu þarf þá einnig að breyta þar sem það kemur fyrir í 6. grein.;

Með umsögn þessari fylgir ljósrit að formálanum sem fylgdi frumvarpinu að lögum nr. 58/2000 til glöggvunar á mikilvægi plöntukynbóta í þróun atvinnulífsins og hlutverki yrkisréttar til að stuðla að þeim.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Tómasson
-forstjóri-

Alþingi
Erindi nr. P 130/1640
komudagur 1.4. 2004
Erfðanefnd landbúnaðarins

31. mars 2004

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Erfðanefnd landbúnaðarins var beðin um umsögn um frumvarp til laga um yrkisrétt, 613. mál, EES-reglur, plöntuyrki o.fl. Frumvarp þetta snýr að breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum. Annars vegar er það tilkomið vegna breytinga sem gerðar hafa verið á UPOV samningnum síðan lögin voru upphaflega samin. Hins vegar er framkomin tilskipun frá Evrópusambandinu, sem Íslendingum ber að staðfesta, um verndun hugverkaréttar í líftækni en hann er nátengdur yrkisrétti.

Erfðanefnd landbúnaðarins leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Nefndin gerir þó athugasemdir við notkun á tveimur hugtökum sem ekki hafa verið notuð áður. Mælt er með því að í stað orðsins **uppskeruefni** í 2. grein komi orðið **uppskera** og í 3. málsgrein 1. greinar er lagt til að í stað **stofnbættir yrkis** komi **yrkishlutar**.

Virðingarfyllt



f.h. erfðanefndar landbúnaðarins
Áslaug Helgadóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/1523
komudagur 24. 3. 2004




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 23. 03. 2004

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

Undirritaður gerir engar athugasemdir vegna frumvarpsins.

F.h. Skógræktar ríkisins


Pröstur Eysteinnsson
Þróunarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/1667
komudagur 8.4.2004



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Landsvæðisráðgjafi
Landsvæðisráðgjafi
Landsvæðisráðgjafi
Landsvæðisráðgjafi
Landsvæðisráðgjafi
Landsvæðisráðgjafi

Alþingi - Landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

31. mars 2004

Tilvísun: UST20040300089/tb

Efni: Frumvarp til laga um yrkisrétt, 613. mál, umsögn

Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 11. mars sl., þar sem að óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um yrkisrétt, 613. mál.

Framangreint frumvarp fjallar fyrst og fremst um vernd plöntuafbrigða, yrkisrétt, þ.e. um einkaleyfi og hugverkarétt á afbrigðum plantna. Þessi þáttur í umfjöllun um íslenska náttúru er ekki á sviði Umhverfisstofnunar nema ef hann á einhvern hátt getur stangast á við m.a. almannarétt svk. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur, með vísan m.a. í almannarétt, að andi þeirra laga sem hún starfar eftir sé almennt á þann veg að aðgengi þjóðarinnar að auðlindum íslenskrar náttúru eigi að vera fyrir alla. Umhverfisstofnun telur mjög til bóta þar sem segir í 6. gr. frumvarpsins: **Beiting yrkisréttar má ekki brjóta í bága við ákvæði sem sett hafa verið á grundvelli almannaheilla, siðferðis eða almannaöryggis, til verndar heilsu og lífi manna, dýra og plantna, vegna umhverfisverndar, verndar hugverkaréttar í iðnaði eða viðskiptum, eða til að tryggja samkeppni í verslun eða landbúnaðarframleiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki rétt bænda sem kveðið er á um í 18. gr. a.**

Umhverfisstofnun telur, m.a. í ljósi þess sem segir í 6. gr. frumvarpsins, að þegar um er að ræða náttúrulega stofna plöntutegunda eða afbrigða af þeim væri eðlilegra að veita einkaleyfi fyrir ræktunaraðferð, sem ræktandinn hefur haft fyrir að þróa til þess að viðhalda ákveðnum einkennum náttúrulegra tegunda, en að veita yrkisrétt fyrir náttúrulegum plöntustofni eða afbrigði af honum. Ef um er að ræða kynbættar/erfðabreyttar tegundir gildir öðru máli. Umhverfisstofnun telur ástæðu til skoða lögin um yrkisrétt í víðara samhengi og íhuga í því sambandi hvaða áhrif það getur haft fyrir aðgengi þjóðarinnar að náttúrulegum auðlindum landsins ef svipuð lög giltu almennt um lífverur t.d. náttúrulega stofna dýrategunda svo sem fugla og fiska. Til dæmis má skoða hvaða áhrif það getur haft ef einkaleyfi, yrkisréttur, væri í gildi fyrir mismunandi náttúrulega laxastofna í íslenskum ám eða mismunandi þorskstofna í sjó.

Virðingarfyllst,


Trausti Baldursson


Arni Bragason